

Ágæti félagsmaður STEFs,

Með bréfi þessu vekur STEF athygli þína á því að kosning í fulltrúaráð STEFs er framundan og hvetur þig um leið til að gefa kost á þér til trúnaðarstarfa fyrir samtökin.

Skipan fulltrúaráðs

Samkvæmt núgildandi samþykktum STEFs, er fulltrúaráð STEFs skipað 21 fulltrúa. Skal kjósa sjö fulltrúa af þessum 21 til tveggja ára í senn í almennri atkvæðagreiðslu, sem fram skal fara í marsmánuði annað hvert ár. Af þeim sjö fulltrúaráðsmönnum, sem kjörnir eru með þessum hætti, skulu a.m.k. þrír koma úr hópi rétthafa, sem ekki eru félagar í öðru hvoru aðildarfélagi samtakanna, þ.e. Tónskáldafélagi Íslands og Félagi tónskálda og textahöfunda.

Hverjir geta boðið sig fram?

Þeir tónhöfundar og aðrir rétthafar, sem veitt hafa STEFi umboð sitt til hagsmunagæslu, hafa einir atkvæðisrétt og eru kjörgengir í fulltrúaráðið, enda hafi þeir fengið úthlutað að lágmarki frá samtökunum samtals 120 þús. kr. á undangengnum þremur árum, þ.e. á árunum 2015–2017. (Ef höfundur eða rétthafi er látinn skal sá erfingi hans eða annar fyrirsvarsmáður erfingja, sem skráður er viðtakandi greiðslna samkvæmt rétthafaskrá STEFs, fara með atkvæðisrétt vegna réttinda hins látna og er sá hinn sami jafnframt kjörgengur í fulltrúaráðið.)

Kjörstjórn

Í samræmi við samþykktirnar hefur stjórn STEFs kosið þriggja manna kjörstjórn til þess að annast framkvæmd kosningarinnar. Í henni sitja: Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs, Stefán Hilmarsson, forstöðumaður rekstrarsviðs STEFs og Magnús Guðmundsson, starfsmaður samtakanna.

Hér með auglýsir kjörstjórn eftir framboðum vegna fyrirhugaðs fulltrúaráðskjörs.

Skulu framboð berast skrifstofu STEFs að Ármúla 7, 108 Reykjavík, í síðasta lagi fyrir kl. 15 mánudaginn 19. febrúar n.k. Framboð þurfa að vera skrifleg og undirrituð af þeim rétthafa sjálfum (erfingja eða fyrirsvarsmanni) sem býður sig fram. **Einnig er hægt að senda fullgilt framboð rafrænt** með því að fylla út sérstakt eyðublað, sem er að finna á slóðinni stef.is/skopun-tonlistar. Frambjóðendur þurfa að prenta það út, undirrita, skanna og senda síðan í tölvupósti á info@stef.is.

Ekki er gert ráð fyrir að framboðum fylgi sérstök meðmæli. Framboð þar sem fleiri en einn bjóða sig fram saman eða framboð, sem eingöngu eru send í tölvupósti, verða ekki tekin gild.

Framkvæmd kosninga

Ef sjö hafa boðið sig fram, að framboðsfresti loknum, þar af minnst þrír úr hópi rétthafa utan félaga (þar með taldir erfingjar og fyrirsvarsmenn rétthafa), teljast þeir sjálfkjörnir, en hafi fleiri boðið sig fram skal atkvæðagreiðsla fara fram samkvæmt samþykktum. Ef færri en sjö hafa boðið sig fram, að framboðsfresti loknum, eða færri en þrír úr hópi rétthafa utan félaga, skal fresturinn framlengdur um eina viku.

Samþykktir STEFs er að finna á heimasíðu samtakanna, www.stef.is.

Fyrir hönd kjörstjórnar,



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj. STEFs